

Orðflokkar

Íslensk orð má flokka í ellefu mismunandi orðflokkum. Skiptingin fer eftir merkingarlegum, formlegum og setningarlegum einkennum orðanna.

- **Merkingarleg einkenni:** Nafnorð eru heiti á einhverju, lýsingarorð greina frá einkennum á lifandi verum, hlutum eða hugtökum, sagnorð tákna oft það sem gerist eða gerðist, er eða var, töluorð segja til um fjölda eða upphæð o.s.frv.
- **Formleg einkenni:** Fallbeyging, tíðbeyging, orðið bætir við sig greini, er óbeygjanlegt o.s.frv.
- **Setningarleg einkenni:** Staða orðsins í setningu; forsetningar standa t.d. alltaf með fallorði í aukafalli, lýsingarorð geta staðið með nafnorðum o.s.frv.

Ellefu orðflokkar

Fallorð

fallbeyging

nafnorð (no.)

lýsingarorð (lo.)

fornöfn (fn.)

greinir (gr.)

töluorð (to.)

Sagnorð

tíðbeyging

sagnorð (so.)

Óbeygjanleg orð

engin beyging

samtengingar (st.)

forsetningar (fs.)

atviksorð (ao.)

nafnháttarmerki (nhm.)

upphrópanir (uh.)

Nafnorð – kyn og tala

- Nafnorð hafa fast kyn; karlkyn, kvenkyn eða hvorugkyn.
- Einstaka nafnorð er til í tveimur kynjum, t.d. orðin regnskúr (kk. og kvk.) og saft (hk. og kvk.).
- Sum nafnorð eru aðeins til í eintölu en önnur aðeins í fleirtölu.
 - Eintöluorð t.d. ánægja, fólk, mjöl og reiði.
 - Fleirtöluorð t.d. dyr, jól, skæri, buxur og börur.
- Ef töluorðin einn, tveir, þrír eða fjórir eru notuð með fleirtöluorðum er sagt t.d. *ein*ar buxur, *tvenn* skæri, *þrennar* dyr og *fernar* börur.

Nafnorð – fallbeyging

- Eitt helsta einkenni fallorða er fallbeygingin.
- Aðalfallið er **nefnifall** en aukaföllin þrjú eru **þolfall**, **þágufall** og **eignarfall**.

hér er . . .	nefnifall
um . . .	þolfall
frá . . .	þágufall
til . . .	eignarfall

- Í orðabókum má yfirleitt finna upplýsingar um beygingu orða. Ef minnsti vafi leikur á um rithátt orðs ætti aldrei að hika við að fletta því upp.

Nafnorð; kenniföll, sterk og veik beyging

- Nafnorð geta beygst með ýmsum hætti. Til þess að átta sig á beygingunni er mikilvægt að þekkja *kenniföll* orðanna. Kenniföll eru skráð í orðabókum.
- Kenniföll eru þrjú; *nefnifall* og *eignarfall* eintölu og *nefnifall* fleirtölu. Í orðabók eru kenniföll orðsins *hestur* skráð á eftirfarandi hátt: *hestur, -s, -ar*.
- Nafnorð sem enda á samhljóða í eignarfalli eintölu eru sögð hafa *sterka beygingu*, t.d. orðið *hestur*.
- Nafnorð sem enda á sérhljóða í öllum föllum eintölu eru sögð hafa *veika beygingu*, t.d. orðið *hani*.

nafnorð með *sterka* beygingu

hest <u>ur</u>	hest <u>ar</u>
hest	hesta
hesti	hestum
hest <u>s</u>	hesta

nafnorð með *veika* beygingu

han <u>i</u>	han <u>ar</u>
hana	hana
hana	hönum
han <u>a</u>	hana

Nafnorð – vandbeygð orð

- Mörg nafnorð eru vandbeygð og því nauðsynlegt að leggja beygingu þeirra á minnið:

kýr	ær	faðir	fé	himinn	hönd
kú	á	föður	fé	himin	hönd
kú	á	föður	fé	himni	hendi
kýr	ær	föður	fjár	himins	handar

- Veik kvenkynsorð beygjast flest eins, þau eru eins í öllum aukaföllum í eintölu en enda á -na í eigarfalli fleirtölu:

et.	ft.	et.	ft.	et.	ft.
þyrta	þyrlur	kirkja	kirkjur	hella	hellur
þyrta	þyrlur	kirkju	kirkjur	hellu	hellur
þyrta	þyrlum	kirkju	kirkjum	hellu	hellum
þyrta	þyrlna	kirkju	kirkna	hellu	hellna

Lýsingarorð – beyging

Lýsingarorð beygjast í föllum eins og nafnorð og geta verið í kvenkyni, karlkyni eða hvorugkyni. Þau eru einu fallorðin sem geta *stigbreyst*. Stigin nefnast: **frumstig**, **miðstig** og **efsta stig**.

Regluleg beyging – stofninn er alltaf sá sami:

feitur	feitari	feitastur
feginn	fegnari	fegnastur
grunnur	grynnri	grynnstur

Óregluleg beyging – mismunandi stofnar:

gamall	eldri	elstur
góður	betri	bestur
margur	fleiri	flestur

Nokkur lýsingarorð eru **óbeygjanleg** og enda alltaf á *-a* eða *-i*, t.d. *aflvana*, *andvaka*, *gjaldþrota*, *miðaldra*, *handlama*, *sammála* og *hugsi*.

Lýsingarorð – beyging

- Lýsingarorð hafa bæði *sterka* og *veika beygingu* og fer beygingin eftir stöðu þeirra í setningu.
- *Veik beyging* lýsingarorða endar á *sérhljóða* í öllum föllum eintölu annars er beygingin *sterk*.

Dæmi:

veik beyging

rauð•i hesturinn

rauð•a hestinn

rauð•a hestinum

rauð•a hestsins

sterk beyging

rauð•ur hestur

rauð•an hest

rauð•um hesti

rauð•s hests

Fornöfn – beygingaratriði

- Fornöfn eru fallorð sem koma oftast í staðinn fyrir nöfn eða nafnorð til að komast hjá endurtekningum. Þau fallbeygjast eins og önnur fallorð og eru til í eintölu og fleirtölu. Þau bæta hvorki við sig greini né stigbreytast.
- Fornöfnum er skipt í sex flokka eftir merkingarlegum og setningarlegum einkennum (hlutverki):
 - ábendingafornöfn
 - spurnarfornöfn
 - afturbeygt fornafn
 - persónufornöfn
 - óákveðin fornöfn
 - eignarfornöfn

(

Fornöfn - undirflokkar

- **persónufornöfn (pfn.)** ég, þú, hann, hún, það
- **afturbeygt fornafn (afn.)** sig, (sér, sín)
- **eignarfornöfn (efn.)** minn, þinn, sinn, vor
- **ábendingarfornöfn (áfn.)** sá, þessi, hinn
- **spurnarfornöfn (sfn.)** hver, hvor, hvaða, hvílíkur
- **óákveðin fornöfn (ófn.)** annar, fáeinir, enginn, neinn, ýmis, báðir, sérhver, hvorugur, sumur, hver (og) einn, hvor (og) nokkur, einhver.

ennfremur: allur, annar hvor, annar hver, hvor tveggja, annar tveggja, hvor tveggja, sjálfur, slíkur, samur (sami) og þvílíkur.

Töluorð

- Töluorð eru fallorð sem tákna *tölu* eða *röð*.
 - Töluorð sem tákna tölur nefnast **frumtölur** (einn, tveir, þrír ...)
 - Töluorð sem tákna röð nefnast **raðtölur** (fyrsti, annar, þriðji ...)
- Töluorð fallbeygjast og fyrstu fjórar tölurnar beygjast í kynjum. Þau bæta hvorki við sig greini né stigbreytast.
- Ýmis orð sem tákna upphæð eða fjölda tilheyra öðrum orðflokkum en töluorðum:
 - **nafnorð**: *tugur, tylft, helmingur, þrenning* og *hundrað*
 - **lýsingarorð**: *þrítugur, níræður* og *fjórfoldur*
 - **atviksorð**: *tvisvar, þrisvar, tvívegis* og *þrívegis*

Greinir

- Greinir er aðeins eitt orð þ.e. **hinn**.
- Greinir gerir nafnorð ákveðin.
- Hann er til í kvenkyni, karlkyni og hvorugkyni í eintölu og fleirtölu.
- Hann er oftast notaður **viðskeyttur** og telst þá ekki sérstakt orð.

karlkynsorð

með greini

maður • **inn**

mann • **inn**

manni • **num**

manns • **ins**

kvenkynsorð

með greini

kona • **n**

konu • **na**

konu • **nni**

konu • **nnar**

hvorugkynsorð

með greini

barn • **ið**

barn • **ið**

barn • **inu**

barns • **ins**

- **Merkingarleg einkenni:** Sagnorð eða sagnir tákna það sem *gerist* eða *gerðist* og því er oft sagt að þær lýsi atburðum.
 - Dæmi: Myndin *datt* á gólfið.
- Sumar sagnir tákna þó frekar ástand en atburð og lýsa því sem *er* eða *var*.
 - Dæmi: Stúlkan *svaf* lengi dags.
- **Setningarleg einkenni:** Sumar sagnir taka með sér fallorð og stjórna falli á því. Þær kallast **áhrifssagnir**.
 - Dæmi: Þú *skarst* kökuna (þf.).
Hann *lagði* bílnum (þgf.).
- **Beygingarleg einkenni:** Sagnir beygjast í **tíð, persónu, tölu, hætti** og mynd.

fara, lesa, skrifa, borða, þora, hætta, vinna, greiða, elda, skúra, smíða, lækna, sýkna, breyta, leita, hita, hringja, kenna, syngja, skrifa, hrekkja, hlaupa, renna, leika, finna, þrjóna, hekla, stýra, brjóta

Persóna og tala

Persónulegar sagnir

- Taka með sér frumlag í nefnifalli. Sögn í persónuhætti stendur ýmist í 1., 2. eða 3. persónu, eintölu eða fleirtölu eftir því hvert frumlagið er.

Dæmi:

ég <i>les</i>	ég <i>kvíði</i> fyrir	ég <i>hlakka</i> til	ég <i>borða</i> hann
<i>borðar</i>	þú <i>lest</i>	þú <i>kvíðir</i> fyrir	þú <i>hlakkar</i> til
þú <i>borðar</i>	hann <i>les</i>	hann <i>kvíðir</i> fyrir	hann <i>hlakkar</i> til

við <i>lesum</i>	við <i>kvíðum</i> fyrir	við <i>hlökkum</i> til	við <i>borðum</i>
þið <i>lesið</i>	þið <i>kvíðið</i> fyrir	þið <i>hlakkið</i> til	þið <i>borðið</i>
þeir <i>lesa</i>	þeir <i>kvíða</i> fyrir	þeir <i>hlakka</i> til	þeir <i>borða</i>

Persónulegar og ópersónulegar

Ópersónulegar sagnir

- Þær nefnast ópersónulegar vegna þess að þær breytast ekki þótt breytt sé um persónu og tölu í frumlaginu. **Ópersónulegar** sagnir standa alltaf í 3. persónu eintölu hvert sem frumlagið er. Þær taka með sér frumlag í þolfalli eða þágufalli.

Dæmi:

<i>mig langar</i>	<i>mig vantar</i>	<i>mér finnst</i>	<i>mér þykir</i>
<i>þig langar</i>	<i>þig vantar</i>	<i>þér finnst</i>	<i>þér þykir</i>
<i>hann langar</i>	<i>hann vantar</i>	<i>honum finnst</i>	<i>honum þykir</i>
<i>okkur langar</i>	<i>okkur vantar</i>	<i>okkur finnst</i>	<i>okkur þykir</i>
<i>ykkur langar</i>	<i>ykkur vantar</i>	<i>ykkur finnst</i>	<i>ykkur þykir</i>
<i>þá langar</i>	<i>þá vantar</i>	<i>þeim finnst</i>	<i>þeim þykir</i>

Tíðir

Tíðir sagna eru tvær; nútíð og þátíð. Nútíð á við um það sem ekki er liðið. Þátíð á við um það sem er liðið.

nútíð ⇒ ég *les*

þátíð ⇒ ég *las*

Nútíð

- ástand
- það sem gerist aftur og aftur
- það sem stendur yfir
- það sem er ókomið

Tumi er köttur.

Ég syndi oft.

Ég horfi á sjónvarp.

Ég fer á morgun.

Þátíð

- það sem er liðið

Ég horfði á sjónvarp.

Hjálparsagnir og aðalsagnir

- Ef aðeins ein sögn er í setningu er hún kölluð aðalsögn.
 - Þegar tvær sagnir standa saman og mynda merkingarlega heild er önnur sögnin kölluð aðalsögn en hin hjálparsögn.
 - Hjálparsagnir hjálpa aðalsögninni við að láta í ljós t.d. ókominn tíma og mynda þær saman eina heild.
 - Hjálparsögn getur aldrei staðið ein án aðalsagnar en aðalsögn getur vel staðið án hjálparsagnarinnar.
 - Hjálparsagnir þurfa ekki alltaf að standa við hlið aðalsagnanna og oft er notuð fleiri en ein hjálparsögn.
 - Hjálparsögnin ber ekki sjálfstæða merkingu.
- **Algengar hjálparsagnir eru:** *hafa, vera, verða og munu.*

Dæmi:

Hann *hefur* komið.

Hann *er* farinn.

Hann *hefur* oft komið.

Hann *er* líklega *farinn*.

Hann *mun hafa* komið.



Hættir

Persónuhættir

Beygjast eftir persónu og tölu. Sýna ólík form í nútíð og þátíð.

Framsöguháttur:

ég *les* – ég *las*
ég *hleyp* – ég *hljóp*

Viðtengingarháttur:

þótt ég *lesi* – þótt ég *læsi*
þótt ég *hlaupi* – þótt ég *hlypi*

Boðháttur:

lestu – *hlauptu*
lesið – *hlaupið*

Fallhættir

Geta fallbeygst, ekki er greind persóna, tala eða tíð.

Nafnháttur:

að *lesa* – að *hlaupa*

Lýsingarháttur nútíðar:

lesandi – *hlaupandi*

Lýsingarháttur þátíðar:

ég *hef lesið* – ég *hef hlaupið*

Germynd, miðmynd, þolmynd

- **Merking:** Fram kemur hver það er sem framkvæmir verknaðinn.
- **Einkenni:** Algengasta og hlutlausasta mynd sagnar. Nær allar sagnir geta staðið í germynd. Ósamsett í nútíð og þátíð.
 - Ég *kyssti* þig.
 - Þú *kysstir* mig.
 - Jónas læsti köttinn inni.

Germynd, miðmynd, þolmynd

- **Merking:** Gerandinn kemur ekki fram, eitthvað gerist af sjálfu sér. Stundum er gerandinn og þolandinn sami aðilinn.
- **Einkenni:** Endingin **-st** bætist við germyndina. Mikilvægt er að athuga að sagnir í 2. persónu eintölu hafa sömu endingu: ég *les*, þú *lest*.
- Sumar sagnir geta ekki staðið í miðmynd, t.d. sagnirnar *vera*, *verða*, *þurfa*, *geta*.
- Nokkrar sagnir eru aðeins til í miðmynd og kallast þær miðmyndarsagnir, t.d. *ferðast*, *óttast*, *heppnast*, *skjátlast*.
 - Við *kysstumst*.
 - Tumi *læstist* inni

Germynd, miðmynd, þolmynd

- **Merking:** Athyglinni er beint að þolandanum. Sá sem framkvæmir verknaðinn skiptir minna máli og er oft ekki nefndur.
- **Einkenni:** Mynduð með hjálparsögninni *vera* eða *verða* og lýsingarhætti þátíðar af aðalsögninni.
- Ekki er hægt að mynda þolmynd með öllum sögnum.
 - Stúlkan *var kysst* (af honum).
 - Pilturinn *var kysstur* (af henni).
 - Tumi var læstu inni (af Jónasi).

Veik, sterk og blönduð beyging

Veikar sagnir

Önnur kennimynd myndast með viðskeytinu **-ði**, **-di** eða **-ti**.

Kennimyndir þeirra eru þrjár:

- borða – borða**ði** – borðað
- velja – val**di** – valið
- leysa – leyst**ti** – leyst

Sterkar sagnir

Hafa hljóðskipti í stofni. Þátíð þeirra er eitt atkvæði í eintölu.

Kennimyndir þeirra eru fjórar:

- lesa – las – **lá**sum – lesið
- fara – **fór** – **fó**rum – farið
- geta – gat – **gá**tum – getað

Veik, sterk og blönduð beyging

Ri-sagnir

- Þær eru fjórar: *gróa, róa, snúa* og *núa*.
- Þátíð þeirra myndast með viðskeytinu **-ri**.
- Kennimyndir þeirra eru þrjár.
 - gróa – **greri** – gróið
 - róa – **rerri** – róíð
 - snúa – **sneri** – snúið
 - núa – **neri** – núíð

Núpálegar sagnir

- Þær eru tíu; *eiga, mega, unna, kunna, muna, munu, skulu, vilja, vita* og *þurfa*.
- Í stað þátíðar í annarri kennimynd hafa þær nútíð.
- Kennimyndir þeirra eru fjórar.
 - kunna – **kann** – kunni – kunnað
 - eiga – **á** – átti – átt

Þula núpálegra sagna

Unna, kunna, muna, má,
munu, eiga, skulu,
þurfa, vilja, vita, kná,
verða hér í þulu.

Kennimyndir – afleiddar myndir

- Kennimyndir eru frumhlutar sagnorða sem aðrar beygingarmyndir eru dregnar af.
- *Afleiddar myndir* eru dregnar af *kennimyndum* sagnorða.
- Af 1. kennimynd eru nútíðarmyndir sagnarinnar dregnar.
- Af 3. kennimynd sterkra sagna og núþálegra sagna er t.d. dreginn viðtengingarháttur þátíðar.

Afleiddar myndir af sögninni *fara*

<i>fara</i>	<i>fór</i>	<i>fórum</i>	<i>farið</i>
ég fer	þú fórst	þið fóruð	
þú ferð	hann fór	þeir fóru	
hann fer	hún fór		
við förum	það fór		
þið farið		þótt ég færi	
þeir fara		þótt þú færir	
		þótt hann færi	
þótt ég fari		þótt við færum	
þótt þú farir		þótt þið færuð	
þótt hann fari		þótt þeir færu	
þótt við förum			
þótt þið farið			
þótt þeir fari			
farðu			
farandi			

Kennimyndir veikra sagna

fyrsta kennimynd
nafnháttur

að borða

afleidd mynd



þótt ég borði (vh.nt.)

önnur kennimynd
1. p. et. þt. fh.

ég borðaði

afleidd mynd



þótt ég borðaði (vh.þt.)

þriðja kennimynd
lýsingarháttur þt.

ég hef borðað

Sagnorð

Kennimyndir sterkra sagna

fyrsta kennimynd
nafnháttur

önnur kennimynd
1. p. et. þt. fh.

þriðja kennimynd
1. p. ft. þt. fh.

fjórða kennimynd
lýsingarháttur þt.

að finna

ég fann við fundum

ég hef fundið

afleidd mynd



þótt ég *finni* (vh.nt.)

afleidd mynd



þótt ég *fyndi* (vh.pt.)

Sagnorð

Kennimyndir nútálegra sagna

fyrsta kennimynd nafnháttur	önnur kennimynd 1. p. et. nt. fh.	þriðja kennimynd 1. p. et. þt. fh.	fjórða kennimynd lýsingarháttur þt.
--------------------------------	--------------------------------------	---------------------------------------	--

að kunnaég kannég kunniég hef kunnað

afleidd mynd

þótt ég *kunni* (vh.nt.)

afleidd mynd

þótt ég *kynni* (vh.þt.)

Kennimyndir ri-sagna

fyrsta kennimynd
nafnháttur

önnur kennimynd
1. p. et. þt. fh.

þriðja kennimynd
lýsingarháttur þt.

að snúa

ég sneri

ég hef snúið

afleidd mynd



þótt ég *snúi* (vh.nt.)

afleidd mynd



þótt ég *sneri* (vh.þt.)

Sagnorð

Áhrifs- og áhrifslausar sagnir

Sögn sem stýrir falli er fallvaldur og kallast **áhrifssögn**. Sögnin veldur því að fallorðið stendur í aukafalli. Fallorðið sem með sögninni stendur er kallað **andlag**.

Dæmi:

- Tuma vantar *fisk* (pf.) áhrifssögn – andlag
- Halldór skrifar *bók* (pf.) áhrifssögn – andlag
- Tumi saknar *þín* (ef.) áhrifssögn – andlag

- Fallorð í nefnifalli með **áhrifslausum sögnum** eins og *vera, verða, heita, þykja* eru kölluð **sagnfyllingar**. Þetta geta ýmist verið nafnorð eða lýsingarorð.

Dæmi:

- Tumi er *köttur* (nf.) áhrifslaus sögn – sagnfylling
- Halldór var *rithöfundur* (nf.) áhrifslaus sögn – sagnfylling
- Himinninn er *blár* (nf.) áhrifslaus sögn – sagnfylling
- Hann þykir skemmtilegur (nf.) áhrifslaus sögn – sagnfylling

Orsakasagnir

- Af annarri kennimynd margra sterkra sagna má mynda nýja sögn sem er kölluð **orsakarsögn**. Sagnirnar hafa ekki sömu merkingu en eru merkingarlega skyldar. Orsakarsögnin hefur alltaf veika beygingu og oft á sér stað i-hljóðvarp við myndun hennar.

brjóta braut brutum brotið



breyta breytti breytt

au ⇨ ey er i-hljóðvarp

fara fór fórum farið



færa færði fært

ó ⇨ æ er i-hljóðvarp

- Orsakasagnir** má t.d. mynda af eftirfarandi sögnum: *rísa, líta, sitja, þrífa, sleppa, drekka, sjóða, fljóta, rjúka, spretta, hníga.*

Óbeygjanleg orð

Samtengingar

- Samtengingar tengja saman einstök orð, orðasambönd eða setningar.
- Samtengingar eru til **einyrtar**, þ.e. eitt orð, eða **fleiryrtar**, þ.e. tvö orð eða fleiri.

Einyrtar:

- Hann er stór **og** sterkur.
- Ég fer í sund **eða** á skíði um helgar.

Fleiryrtar:

- Hann vill **hvorki** tala við mig **né** þig.
- Ég fer **annaðhvort** í bíó **eða** á tónleika á morgun.

Óbeygjanleg orð

Samtengingar: aðaltengingar og aukatengingar

- **Aðaltengingar:**
 - en, heldur, enda, og, eða, ellegar
 - bæði ... og, hvorki ... né, annaðhvort ... eða,
 - hvort ... eða, ýmist ... eða.
- **Aukatengingar** nefnast þær samtengingar sem eru notaðar til að tengja aukasetningar við aðalsetningar sínar.
 - **Dæmi:** *að, sem, ef, nema, þegar, meðan, hvort.*

Ég held [*að* þetta sé vitleysa].

Hún spurði [*hvort* leikurinn væri búinn].

Forsetningar

- Forsetningar standa oftast á undan fallorði og ákveða fall þess, þ.e. eru fallvaldar.
- Forsetningar stýra aukaföllum, þ.e. *þolfalli*, *þágufalli* og *eignarfalli*. Nefnifall kallast *aðalfall*.
 - Stýra þolfalli: um, í, á, yfir, undir, með, eftir, við, fyrir, gegnum, kringum, fram, út, upp, niður
 - Stýra þágufalli: frá, af, í, úr, undan, að, samkvæmt, hjá ásamt, handa, gegn, gegnt, meðfram
 - Stýra þolfalli og þágufalli: á, eftir, fyrir, í, með, undir, við, yfir
 - Stýra eignarfalli: til, án, auk, meðal, milli, vegna

Atviksorð

- **Atviksorð** standa oftast með sögnum, lýsingarorðum eða öðrum atviksorðum. Þau ákveða nánar *hvar*, *hvernig*, *hvenær* og *hve oft* eitthvað er gert eða gerist.
 - **Dæmi:** Drengurinn er *inni*. Þetta gengur *vel*.
Stúlkan kom *seint*.
- **Atviksorð** geta gegnt hlutverki forsetningar þegar þau standa með fallorði og stýra falli þess.
- **Atviksorð** eru óbeygjanleg orð en einstaka þeirra geta stigbreyst t.d. orðin vel og illa.
 - **Dæmi:** Þú gerir þetta *vel*, þau gera þetta *betur*.

Atviksorð: helstu flokkar

- **Háttaratviksorð:** vel, illa, svo, svona, þannig, sæmilega, (hvernig) afar, lítt ...
- **Staðaratviksorð:** heim, hérna, hér, þarna, þar, upp, niður, (hvar/ hvert) hingað, fram, inn, út, víða ...
- **Tíðaratviksorð:** nú, þá, lengi, aldrei, alltaf, bráðum, áður, (hvenær) stundum, ávallt, ætíð ...
- **Áhersluatviksorð:** mjög, frekar, ofsalega ... (stendur með öðrum ao. eða lo.) (magn)
- **Spurnaratviksorð:** hvar, hve, hvenær, hvert, hví, hvernig, (spurning) hversu ...
- **Neitun** ekki, eigi, aldrei ...

Atviksorð eða lýsingarorð?

- Þegar vafi leikur á hvort um *lýsingarorð* eða *atviksorð* er að ræða má oft skera úr um það með því að setja orð sem endar á *-lega* í stað vafaorðsins. Ef það er hægt er orðið atviksorð.

Dæmi:

- Hann kemur fljótt.
- Við breytum því og segjum: Hann kemur fljót*lega*.
- Hér er fljótt því *atviksorð*.

Atviksorð

Stúlkan syngur *hátt*.

Stúlkurnar syngja *hátt*.

Lýsingarorð

Fjallið er *hátt*.

Fjöllin eru *há*.

Nafnháttarmerki og upphrópun

- **Nafnháttarmerki:** Aðeins eitt orð, þ.e. **að** á undan sögn í nafnhætti. Hefur stundum svipað hlutverk og samtenging.
 - Gaman er **að** lesa.
 - Hann reyndi **að** hugsa.
 - Vertu ekki **að** skrifa.
 - Hann hætti við **að** fara.
- **Upphrópun:** Orð sem kallað er upp og lýsir t.d. gleði, undrun, ótta eða hræðslu.
 - **Dæmi:** hæ, hó, æ, ó, ú, jú, uss, nei